

Boðorðin um kærleika við Guð

40. Tími



Tilgangur:

Við verðum að rækta samviskuna með því að þekkja boðorð Guðs og kenningu kirkjunnar. Læra fyrstu þrjú boðorðin.

Guð færði Móse boðorðin tíu á Síonfjallinu. Þau eru stundum kölluð lögmál Guðs. Þau eru leiðbeiningar, sem Guð gaf okkur til þess að lifa kristilegu lífi.

JESÚS KENNDI OKKUR HVAÐ STÓÐ Í ÞESSUM TÍU BOÐORÐUM



Dag nokkurn kom unglíngur til Jesú og spurði: „Meistari, hvað á ég að gera til að öðlast eilíft líf?“

Jesús svaraði: „Ef þú vilt að fara til himna, haltu boðorðin tíu“

Boðorðin tíu sýna okkur veginn að hamingjusömu lífi.

HVERS VEGNA ÞURFUM VIÐ BOÐORÐ GUÐS?

**ÞAÐ ER NAUÐSYNLEGT
AÐ HAFNA REGLUR
ALLSTAÐAR**

Til dæmis:

Í skólanum: Að sýna kennara virðingu; nota ekki farsíma í tíma.

Í Kirkju: Þú verður að bera virðingu fyrir Guði, þú mátt ekki hlaupa og leika þér.

Heima: Þú verður að virða foreldra þína, nota ekki síma meðan verið að borða.

HVER ÞARF UMFERÐARREGLUR?

Umferðarreglur eru nauðsynlegar til að vernda okkur fyrir slysi.

Umferðarljós stjórnar umferð til að koma í veg fyrir slys.

Hvað myndi gerast ef fólk fylgdi ekki umferðarreglunum?

ÞAÐ YRÐU MJÖG MÖRG SLYS.



HVAÐ MYNDI GERAST EF ÞAÐ VÆRU ENGAR REGLUR Í LÍFINU?

Það væri glundroði, fólk væri óánægt og gæti ekki haft samskipti sín á milli.

SKILURÐU AF HVERJU FÓLK ÞARF REGLUR?

Reglur eru mikilvægar til að halda reglu í kennslustundinni, til að forðast bílslys, til að friður ríki heima.



BOÐORÐIN TÍU ERU REGLUR LÍFS OKKAR

Til þess að við séum hamingjusöm í lífinu gefur Guð okkur reglur, mikilvægustu lífsreglurnar, sem kallast **boðorð**.

Guð vill að við séum hamingjusöm.

Og fólk er ánægt þegar allir fara eftir reglunum...

Í dag ætlum við að læra meira um fyrstu þrjú boðorðin sem eru um kærleika Guðs

Kærleiki Guðs – Boðorðin 1- 3	
1	Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig.
2	Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma.
3	Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan.

1. BOÐORÐ: Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig

Við verðum að biðja á hverjum degi, sérstaklega þegar við vöknum, til að þakka Guði fyrir lífið og bjóða honum daginn sem byrjar og þegar við förum að sofa, til að þakka fyrir daginn og biðjast fyrirgefningar á því sem við gerðum ekki samkvæmt Hans vilja og biðja hann að gæta okkar í svefni.



Góð venja er að segja þrjár Maríubænir þegar við vöknum og þrjár Maríubænir þegar við förum að sofa.

Við elskum Guð framar öllu. Hann skapaði okkur. Hann elskaði okkur fyrst og Hann elskar okkur hverja einustu stund.

Hér eru nokkrar spurningar sem hjálpa okkur að hugsa um hvort að við fylgjum þessu boðorði eða ekki.

- Leitast ég við að elska Guð af öllu hjarta mínu og af allri sálu minni og af öllum mætti mínum (Dt 6, 5)? Set ég einhvern eða eitthvað ofar Guði? Bið ég á hverjum degi?

-Hef ég haft einhverja afskipti af dulspeki, göldrum, andaglasi, tarot-spilum, miðlum, nýaldarkristölum, spákonum eða einhverju álíka? Hef ég lagt trú mína á stjörnuþár?

-Hef ég gengið til altaris meðan ég er í dauðasynd?


-Hef ég misnotað iðrunarsakramentið (skriftasakramenti) með því að ljúga að prestinum eða viljandi ekki játað dauðasynd?

-Hef ég afneitað einhverjum sannleika trúarinnar af virðingu fyrir skoðunum annarra?



2. BOÐORÐ: Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma

- Að virða nafn Guðs er það sama og að virða hann.
- Við skulum ekki leika okkur með nafn Drottins.



Við skulum ekki misnota nafn Guðs.

Jesús kenndi lærisveinum sínum: “Faðir vor, þú sem ert á himnum, helgist þitt nafn...”

Nafn Drottins er heilagt. Við verðum að nota nafn Hans, að tala um Guð af virðingu.

Hér eru nokkrar spurningar sem hjálpa okkur að hugsa um hvort við fylgjum þessu boðorði eða ekki.

-Hef ég notað heilagt nafn Guðs af virðingarleysi?

-Hef ég lastmælt Guði, kirkjunni, Maríu, hinum heilögu eða einhverju öðru heilögu?



3. BOÐORÐ: Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan

Sjöundi dagur er dagur Guðs.

Það er **sunnudagurinn**.

Þá göngum við til kirkju. Við gefum okkur tíma fyrir hvert annað og Guð.

Þegar við missum af sunnudagsmessu (eða annarri stórhátíð kirkjunnar) viljandi, göngum við gegn þriðja boðorðinu. Við syndgum.



Við elskum Guð.

Þess vegna sýnum við Guði lotningu.

Við reynum að fara eftir því sem boðorðin kenna okkur um Guð.



Hér eru nokkrar spurningar sem hjálpa okkur að hugsa um hvort við fylgjum þessu boðorði eða ekki.

-Er ég að reyna að halda sunnudaginn sem bæna- og hvíldardag og forðast óþarfa vinnu?

-Hef ég vísvitandi hætt við að fara í messu eða mætt seint eða farið snemma úr messu án góðrar ástæðu?

VERKEFNI:

1. Hvað segir fyrsta boðorðið okkur?

Dú skalt ekki hafa _____.

2. Hvað segir annað boðorðið okkur?

Dú skalt ekki leggja _____ Guðs þíns við _____.

3. Hvað segir þriðja boðorðið okkur?

Minnstu þess að halda _____.

Til að æfa heima!

Hér eru nokkrar bænir til að fara með saman með fjölskyldunni áður en við byrjum að borða og eftir matinn...

Fyrir máltíð

Blessa þú oss, Drottinn, og þessar gjafir, sem vér þiggjum af mildri gæsku þinni.

Fyrir Krist, drottin vorn.

Amen.

Eftir máltíð

Almáttugi Guð, vér þökkum þér allar velgerðir þínar.

Þú sem lifir og ríkir um aldir alda.
Amen.

